

Fundur Betadeildar fimmtudaginn 15. janúar 2009

Fundarstaður: Heima hjá Þorgerði að Austurbyggð 4

Dagskrá

1. Setning fundar
 2. Fundargerð síðasta fundar
 3. Önnur mál
 4. Bókakynning
 - a. Konur segja frá bókum sem þær hafa lesið undanfarið
 5. Happraætti og kaffi
 6. Fundi slitið
-
1. Eygló setti fund og skilaði kveðju frá fjarverandi félagskonum.
 2. Þorgerður las fundargerð frá síðasta fundi. Ein athugasemd var gerð og verður fundargerð breytt samkvæmt því.
 3. Eygló kynnti hugmyndir stjórnar um starfið fram til vors. Í haust kom upp sú hugmynd að hafa leshring og fund þar sem áhersla yrði lögð á sjálfsrækt. Ekki er útlit fyrir að pláss sé fyrir hvorutveggja á einum formlegum fundi. Það er því tillaga stjórnar að haldinn verði óformlegur fundur í apríl, en enginn fundur hefur verið boðaður þá. Á þeim fundi yrði leshringur þar sem ein eða tvær ákveðnar bækur yrðu teknar fyrir. Tillaga stjórnar er að hafa leshringinn úti í bæ t.d. í kjallara Pennans eða á öðrum stað þar sem hægt er að kaupa sér kaffi eða eitthvað sterkara. Hugmyndin fékk góðar undirtektir og rætt um að hafa fundinn á síðasta vetrardag. Einhverjar eru uppteknar þá en raddir voru um að það séu alltaf einhverjar uppteknar og þessi dagur því alveg eins góður og hver annar. Stjórnin mun taka endanlega ákvörðun um dagsetningu leshringsfundar. Næsti fundur verður 23. febrúar annað hvort í Glerárskóla eða Lundarskóla en þá koma tveir iðjuþjálfar starfandi í grunnskólum og kynna starf sitt.
 - Rætt var um hvenær ætti að hafa lokafund og kemur 5. júní helst til greina en engin ákvörðun var tekin um það.
 - Anna Þóra sagði frá því að hún hefði ekki farið til Egilsstaða eins og til stóð vegna veðurs en fékk fréttir frá Ingibjörgu Einarsdóttur sem fundaði með Zeta deild á Reyðarfirði. Henni líst vel á aðstæður fyrir landsþingið á Egilsstöðum. Tilboð hefur ekki borist en það er væntanlegt.
 - Jóhanna sagði frá fjárhagsstöðu deildarinnar.
 - Eygló afhenti nýtt félagatal og bað konur að skrifa undir nýja yfirlýsingu um að birta megí myndir af þeim á heimsíðunni, gamla yfirlýsingin hefur týnst. Hún minnti jafnframt á Evrópuþingið í Osló 5.-8. ágúst næstkomandi.
 4. Konur sögðu frá bókum sem þær hafa lesið og fengu sér kaffi og kræsingar í boði Önnu Þóru og Ingibjargar Auðunsdóttur inn á milli kynninga. Bókatitlar fara inn á heimasíðu félagsins. Ákveðið var að ræða um tvær bækur í leshring í apríl. Þær eru: „Glerkastalinn” eftir Jeannette Walls og „Kona fer til læknis” eftir Ray Kluun. Annað hvort lesum við þær báðar eða aðra og veljum svo hvora við viljum ræða um í leshringnum.
 5. Happraættisvinninginn að þessu sinni fékk Björk Sigurðardóttir.
 6. Fundi slitið.

Ritari

Þorgerður Sigurðardóttir